# Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2026

## LÍFF3ER05

| | | |
|---|---|---|
| **Kennari** | Haukur Viðar Ægisson: haukur.aegisson@fss.is |  |
| **Viðtalstími** | Fimmtudagur, klukkan 10:25 – 11:05.<br>Staðsetning eftir samkomulagi. | |
| **Námsefni** | Námsefnið er í INNU. | |
| **Áfangalýsing** | Í áfanganum er fjallað um byggingu og starfsemi gena, umhverfiserfðir og áhrif umhverfis á erfðaefnið. Stökkbreytingar og áhrif breytinganna á lífverur. Byggingu, myndun og skiptingu erfðaefnis í frumum þegar þær skipta sér. Erfðaefni heilkjörnunga, baktería og veira. Erfðatækni, kosti og galla. | |
| **Námsmat og vægi námsmatsþátta** | Til að ná áfanganum verður nemandi að ná 4,5 eða hærra á öllum könnunarprófum og 5 í lokaeinkunn.<br>**Símatsáfangi** | |

| Heiti | Vægi |
|---|---|
| Könnunarpróf | 45% |
| Krossaprófi í INNU | 15% |
| Verkefni í vinnubók | 20% |
| Nemendafyrirlestur | 10% |
| Önnur verkefni | 10% |

| | |
|---|---|
| **Reglur áfanga** | Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. |

| | |
|---|---|
| **Annað sem kennari vill láta koma fram** | Ef nemandi nær ekki könnunarprófi eða er fjarverandi þegar könnunarpróf fer fram, má nemandinn taka könnunarpróf í lok annar í samráði við kennara. |

| **Þekking** | **Leikni** |
|---|---|
| Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• genum: mismunandi gerðir gena og samspil gena. Einnig tengsl gena við umritun og þýðingu.<br>• litningum: afritun litninga og nemandi útskýrt muninn á kynlitningum og almennum litningum.<br>• stökkbreytingum: hvað getur valdið þeim og mismunandi gerðum stökkbreytinga.<br>• krabbameini: hvernig þau myndast og af hverju erfitt er að búa til krabbameinslyf.<br>• litningavíxl: mismunandi gerðir og áhrif þeirra á arfgerð einstaklinga.<br>• kynákvörðun lífvera: atviksbundin og erfða háð.<br>• erfðatækni: kostir og gallar.<br>• einkennum erfðaefnis mismunandi lífvera. | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• bera saman almenna litninga og kynlitninga.<br>• meta út frá ættartré hvort gen sé víkjandi eða ríkjandi og sjá muninn á almennum litningi og kynlitningi.<br>• spá fyrir um mögulega tíðni, arfgerð og svipgerð afkvæma út frá arfgerð foreldra.<br>• meta hvort tiltekið gen sé banagen.<br>• geta búið til einfaldar útgáfur af litningavíxlum og sýnt hvernig litningar parast eftir mismunandi litningavíxl.<br>• geta borið saman erfðaefni kjarnafruma og baktería.<br>• geta útskýrt hvað gerist ef fjöldi litninga í mönnum er ekki „eðlilegur“. |

**Hæfni**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja fréttir og einfaldar fræðigreinar á sviði erfðafræði.
- mynda sér skoðun á erfðatækni og geti rökstutt hana.
- greina á milli raunveruleika og vísindaskáldskapar.

| **Vinnuáætlun** | | |
|---|---|---|
| **Tímasókn** | 16 vikur x 4 klst. | 64 klst. |
| **Undirbúningur fyrir tíma** | 16 vikur x 3 tímar x 20 mín | 16 klst. |
| **Undirbúningur fyrir könnunarpróf** | 3 x 5 klst. | 15 klst. |
| **Krossapróf í INNU** | 6 x 0,5 klst. | 3 klst. |
| **Nemendafyrirlestur** | 3 klst. | 3 klst. |
| **Önnur verkefni** | 6 klst. | 6 klst. |
| **Alls** | | **107 klst. = 5 ein*** |

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð námsefnis | Skil á verkefnum |
|---|---|---|
| **1. vika**<br>6.-9. janúar | Saga erfðafræðinnar.<br>Bygging DNA og RNA. | |
| **2. vika**<br>12.-16. janúar | Skipting litninga í svæði og hlutverk svæða.<br>Fjöldi litninga og flokkun. | Krossapróf 1 í INNU. |
| **3. vika**<br>19.-23. janúar | Líkamsfrumur og kynfrumur.<br>Myndun og notkun DNA og RNA. | |
| **4. vika**<br>26.-30. janúar | Flokkun gena og einkenni hvers flokks. | Krossapróf 2 í INNU. |
| **5. vika**<br>2.-6. febrúar | Upprifjun fyrir könnunarpróf 1. | **Könnunarpróf 1.** |
| **6. vika**<br>9.-13. febrúar | Tvíblendingserfðir. | |
| **7. vika**<br>16.-20. febrúar<br>*Uppbrotsdagur 18. feb* | Utangenaerfðir. | Krossapróf 3 í INNU.<br>Skilaverkefni í INNU – Utangenaerfðir. |
| **8. vika**<br>23.-27. febrúar<br>*Vetrarleyfi 27. feb* | Stökkbreytingar gena og litninga. | Skilaverkefni í INNU – Riða í kyndum. |
| **9. vika**<br>2. -6. mars<br>*Námsmatsdagur 2. mars* | Æxlisvöxtur. | Krossapróf 4 í INNU.<br>Skilaverkefni – Æxli. |
| **10. vika**<br>9.-13. mars | Upprifjun fyrir könnunarpróf 2. | **Könnunarpróf 2.** |
| **11. vika**<br>16.-20. mars | Afritun, mítósa og meiósa.<br>Kynákvörðun lífvera og ættartöflur.<br>Litningabreytingar. | |
| **12. vika**<br>23.-27. mars<br>*Starfshlaup 27. mars* | Erfðaefni baktería og veira. | Krossapróf 5 í INNU. |
| **13. vika**<br>7.-10. apríl<br>*Annar í páskum 6. apríl* | Erfðarannsóknir, erfðatækni og gagnsemi.<br>Siðferðisspurningar er varða erfðaefnið og breytingar á erfðaefninu. | Skilaverkefni í INNU – Erfðabreytt matvæli. |
| **14. vika**<br>13.-17. apríl | Upprifjun fyrir könnunarpróf 3. | Krossapróf 6 í INNU.<br>**Könnunarpróf 3.** |
| **15. vika**<br>20.-24. apríl<br>*Sumard. fyrsti 23. apríl* | Nemendur undirbúa fyrirlestur.<br>Nemendur flytja fyrirlestur. | Nemendafyrirlestur. |
| **16. vika**<br>27. apríl-1. maí<br>*Dimissio 30. apríl* | Nemendur undirbúa fyrirlestur.<br>Nemendur flytja fyrirlestur. | Nemendafyrirlestur.<br>**Skila vinnubók.** |
| **17. vika**<br>4.-8. maí<br>*Stoðdagur 8. maí* | Upptökupróf fyrir nemendur sem ekki hafa náð 4,5 í könnunarprófum eða mættu ekki í könnunarpróf. | **Sjúkrapróf.** |

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Haukur Viðar Ægisson*